



# Námsáætlun

FATA3ki05 vorönn 2021

**Kennari: Björg Ingadóttir ( [bjorg@fg.is](mailto:bjorg@fg.is) )**

## Lýsing

Verkefni áfangans er að hanna og fullklára unisex kjól. Meginmarkmið er lagt á útfærslu hugmyndar yfir í sniðateikninu og þrúfúllík að fullunnu verki, endanlegur er kjóll saumaður í það efni sem nemendur velja í samráði við kennara. Lögð er áhersla á mikilvægi hönnunar í efnis-, snið-, munstur- og litavali. Einnig er fata- og stílsaga höfð til viðmiðunar. Nemendi lærir að útfæra og tengja hönnun sína við vaxtar og stærðarval út frá máltöku auk samræmingu á milli vals á efni og útfærslu. Lögð er áhersla á skapandi hugsun, frumkvæði og frumleika. Nemandi heldur utanum alla sína vinnu í stafrænni skissubók, sem nýtist honum við að gera vinnuskýrslur með útskýringum á verkferlum. Lögð er áhersla á skapandi hugsun, frumkvæði og frumleika. Einnig eiga nemendur að sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og þjálfra hæfni til að tjá sig og rökstyðja verkefni sín.

## Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Forsendum skapandi hugsunar í hönnun á fatnaði
- Forsendum hönnunar hvað varðar reynslu, notkun, sögu og hefðir
- Mikilvægi undirbúnings-, tilrauna- og rannsóknarvinnu með öflun og úrvinnslu upplýsinga
- Forsendum hugmyndavinnu, framkvæmdar og framvindu að fullunnu verki
- Leiðbeiningum í máli og myndum varðandi sniðaútfærslur og saumataækni
- Sambandi milli sjálfstæðra, faglegra vinnubrögða og vinnuframlags
- Mikilvægi þess að rýna í eigin verk og annara.

## Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Vinna vandaða hugmyndavinnu með öflun úrvinnsluupplýsinga
- Temja sér frumkvæði og þörf og endurmeta hugmyndir sínar
- Temja sér frumkvæði, frumleika og skapandi hugsun
- Útfæra eigin hugmynd í formi tísku- og útlitsteikninga
- Útfæra sniðbreytingar út frá eigin hugmyndum
- Temja sér sjálfstæð og fagleg vinnubrögð
- Auka færni í að máta og nota þrívíddargínu við lagfæringu sniða
- Tileinka sér saumataækni og kunnáttu í straujun og pressun
- Endurmeta framkvæmd verksins á öllu vinnuferlinu
- Temja sér öguð og vönduð vinnubrögð við frágang verkefna
- Útbúa hugmynda- og vinnumöppu í máli og myndum
- Rýna í eigin verk og annarra með uppbyggilegri gagnrýni

## Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta nýtt sér upplýsingatækni og aðra miðla við hugmyndavinnu
- vera fær um að taka sjálfstæða ákvörðum varðandi verkefnaval



- tileinka sér vinnuferlið frá hugmynd að fullgerðri flík
- kunna skil á forsendum hönnunar hvað varðar nýsköpun í formi tilrauna, rannsókna og úrvinnslu upplýsinga
- sýna frumkvæði, frumleika og skapandi hugsun
- koma vinnu sinni á framfæri í formi kynningar
- rýna í eigin verk og rökstyðja niðurstöður bæði munnlega og skriflega á uppbyggilegan hátt

## **Kennslugögn: Tölva, mús, heyrnartól, nemendur kaupa sjálfir efni í kjól (fyrir utan léreft) þeir koma einnig með eigin tvinna,tölur og annað sem þarf fyrir fullgerða flík.**

| Vika              | Yfirferð /tímavinna   | Pró/Verkefni /heimavinna                                       |                                |
|-------------------|---|--|--------------------------------|
| 01. 24.-26. feb.  | kynning á verkefnum áfangans, Unisex kjóll hannaður, snið gerð og kjóll saumaður. | myndband 1-2 skissa kjóla<br>haldið utan um vinnu í dagbók     |                                |
| 02. 1.-5. mars    | Nemendur taka mál af hver öðrum og stilla avatara í eigin stærð - myndbandsvinna  | myndband 3- 4- 5 skissa kjóla<br>haldið utan um vinnu í dagbók |                                |
| 03. 08-12. mars   | Valið úr skissum nemendur byrja á að vinna út frá grunnsniði                      | myndband 6-7<br>haldið utan um vinnu í dagbók                  | Úrsagnareindagi 9. mars.       |
| 04. 15.-19 mars   | Nemendur gera snið af kjól frá grunnsniði. Sniðavinna og prufusaumur hefst        | æfa sig í forriti<br>haldið utan um vinnu í dagbók             | Námsmatsdagur 19. mars         |
| 05. 22.-26. mars  | sniðavinna / prufusaumur  | haldið utan um vinnu í dagbók                                  | Miðannarmat                    |
| 29. mars-6. apríl |   |  | <b>Páskafrí</b>                |
| 06. 07.-09. apríl | Snið kláruð , saumför, hök og merkingar settar inn.                               | haldið utanum vinnu í dagbók                                   |                                |
| 07. 12.-16. apríl | Snið klippt út og yfirfarin, kjóll sniðinn í rétt efni.                           | snið sett í prent<br>haldið utan um vinnu í dagbók             |                                |
| 08. 19.-23. apríl | Kjóll saumaður.   | haldið utan um vinnu í dagbók                                  | Sumardagurinn fyrsti 22. apríl |
| 09. 26.-30. apríl | Kjóll saumaður  | haldið utanum vinnu í dagbók                                   |                                |
| 10. 03-07. maí    | Kjóll saumaður  | haldið utanum vinnu í dagbók                                   |                                |



|                 |                            |                                    |                            |
|-----------------|----------------------------|------------------------------------|----------------------------|
| 11. 10.-14. maí | kjöll saumaður             | haldið utan utan um vinnu í dagbók | Uppstigningardagur 13. maí |
| 12. 17.-18. maí | frágangur á kjól og sniðum | frágangur á dagbók                 |                            |

## Kennarar áskilur sér rétt til breytinga á námsáætlun.

### Námsmat:

Áfanginn er símatsáfangi með verkefnaskilum.

Öll verkefni verða lögð til grundvallar einkunn svo og ástundun og virkni í tímum og umræðum ásamt skilum á verkefnum. Metið verður meðal annars með tilliti til frumleika, skapandi hugsunar, frumkvæðis og vandaðra og sjálfstæðra vinnubragða. **Mæting, vinnusemi, skilvirkni og jákvæðni, leit og frumkvæði** eru þættir sem hafa afgerandi áhrif á einkunnagjöf.

Til að nemandi standist áfangann þarf hann að skila **öllum** verkefnum samkvæmt námsáætlun og verkefnalýsingum á Innuna og fá a.m.k. 5 í lokaeinkunn.

Skissubók/Dagbók og verkefnavinna: 80%

Ástundun, vinnusemi, frumkvæði: 20%

### 87% Raunmæting.

Nemandi getur unnið upp veikindafjarvistir með því að mæta í tvö opin verkstæði ef raunmæting nær 75%.

Ein veikindafjarvist er felld niður á móti einni kennslustund á opnum verkstæðum sem geta verið samtals 8 kennslustundir.

Ef þessum skilyrðum er ekki náð er nemandi fallinn í áfanganum.

Ef 87% raunmætingu er hins vegar fullnægt þarf nemandi að ná einkunninni 4,5 til að ná áfanganum.